



Foreldraráð
Hafnarfjarðar



Hafnarfirði 22. febrúar 2016

Hafnarfjarðarbær – Fræðsluráð
b.t. Rósa Guðbjartsdóttir, formaður
Ráðhús Hafnarfjarðar - Strandgata 6,
220 Hafnarfjörður.

Hafnarfjarðarbær
Innk: 26/2 2016
Málsnr: 1602128
Bréfal: 220

Efni: Ályktun kennarafundar Tónlistarskóla Hafnarfjarðar dags. 25.01.2016

Fundur stjórnar Foreldraráðs Hafnarfjarðar, haldinn þriðjudaginn 16. febrúar 2016 tekur heilshugar undir málaleitan kennara við Tónlistarskóla Hafnarfjarðar, sem fram kemur í bréfi dagsettu 25. janúar 2016.


Í bréfinu fara kennarar við Tónlistarskóla Hafnarfjarðar þess á leit við bæjaryfirvöld að settir verði litlir gluggar á eða við hliðina á öllum hurðum inn í stofur skólans, sem geri öllum mögulegt að líta inn í kennslustofurnar meðan á kennslu stendur. Ennfremur benda kennarar skólans á að umræða um mikilvægi þess að hafa slíka glugga á öllum kennslustofum, hafi áður komið upp á kennarafundi.

Stjórn Foreldraráðs tekur undir áhyggjur kennara við tónlistarskólann af þeirri veiku stöðu sem kennari hefur, þar sem hann er alla jafnan einn með nemanda í tíma.

Foreldraráð hvetur bæjaryfirvöld í Hafnarfirði til að bregðast hið fyrsta við óskum kennara við Tónlistarskóla Hafnarfjarðar.

Ráðið bendir einnig á nauðsyn þess að haga hlutum með viðlíka hætti þar sem sambærilegar aðstæður geta skapast í starfsemi á vegum bæjarins.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar Foreldraráðs Hafnarfjarðar,


Ólafur St. Arnarsson, talsmaður

Foreldraráð Hafnarfjarðar er samráðsvettvangur og málsvari foreldra grunnskólabarna í Hafnarfirði. Hlutverk Foreldraráðs er að vinna að sameiginlegum málefnum skólanna og gefa umsagnir um ýmis mál er varða skóla- og fjölskyldumál. Foreldraráð vinnur í nánú samstarfi við foreldrafélögin í öllum grunnskólum Hafnarfjarðar.